ORKUSTOFNUN

# Skipting hafsbotns utan 200 mílna norðan Íslands

**Karl Gunnarsson**

**Greinargerð KG-89-01**

**ORKUSTOFNUN**
Jarðhitadeild
1989.01.17

**Greinargerð**
KG-89/01

---

## SKIPTING HAFSBOTNS UTAN 200 MÍLNA NORÐAN ÍSLANDS

Á meðfylgjandi mynd eru sýnd mörk landgrunnssvæða milli Íslands, Noregs, Grænlands og Færeyja. Brotin lína táknar 200 sjómílna mörk, en heilar gildar línur mörk hafsbotnssvæðis sem tilheyrir löndunum samkvæmt reglunni um 60 sjómílur út frá rótum landgrunnshlíða (brekkufæti). Þessi mörk eru einnig dregin beggja vegna Mónshryggjar með punktalínu, til þess að greina það svæði sérstaklega frá.

Flatarmál svæðanna utan 200 mílna hefur verið metið lauslega til að fá hugmynd um hlutföllin. Spildurnar eru greindar í sundur eftir því frá hvaða landi þær helgast. Mónshryggur (Mohns Ridge) gengur í norðaustur frá Jan Mayen og er talinn náttúrulegt framhald eyjarinnar. Flatarmálseiningin er þúsund ferkílómetrar.

| svæði | flatarmál |
|---|---|
| Frá Grænlandi | 19 |
| Frá Mohnshrygg eingöngu | 46 |
| Frá Mohnshrygg og Noregi (skörun) | 66 |
| Frá Noregi eingöngu | 132 |
| Frá Íslandi | 36 |
| Samtals: | 299 |

Ef við göngum út frá því að Íslendingar eigi helming í því svæði sem helgast úr frá Jan Mayen eingöngu, og fjórðung í því svæði þar sem skörun verður við svæði helgað beint frá Noregi, Skiptist eignarhald á þessum svæðum eftir þjóðum í eftirfarandi hlutföllum:

| svæði | flatarmál | hundraðshlutar |
|---|---|---|
| Danir (Grænland) | 19 | 6 |
| Norðmenn | 205 | 69 |
| Íslendingar | 75 | 25 |
| Samtals: | 299 | 100 |




## MAP 5:

Areas in the Norwegian–Greenland Sea that may be outside the continental shelves of the Nordic countries.

*Flatarmál í þúsundum ferkílómetra.*